

Nr. 19-107 S 069 Örfirisey RE 4***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr.: 2170
 IMO: 8704975
 Smíðaður: Noregi 1988, stál
 Útgerð: HB Grandi hf
 Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.
 Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m
 Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
 Vél: Wichmann 3000 kW 1988
 Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey © Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2019 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á siglingu heim úr Barentshafi. Veður: S 1 m/s. Ölduhæð 1 m.

Skipverji gekk rösklega aftur eftir vinnsluþilfarinu þegar hann rak höfuðið í hlíf á færíbandi sem slútti niður vegna þrifa á þilfarinu. Við það féll hann niður á hné og síðan aftur fyrir sig þannig að hægri fóturinn beyglaðist undir hann.

Daginn eftir var haft samband við lækni sem taldi að skipverjinn væri töluvert slasaður og þyrfti að komast undir læknishendur sem fyrst.

Þyrila Landhelgisgæslunnar TF-LIF sótti skipverjann með aðstoð frá TF-SIF.

Við rannsókn kom fram:

- að hlífín var undir færíbandi sem lá þvert á gangveginn á vinnsluþilfarinu (sjá mynd).



Rauði hringurinn sýnir færíbandið og hlífina undir

Hún hafði verið losuð niður öðru megin vegna þrifa og hékk því niður. Engar varúðarmerkingar voru á henni eða við hana;

- að skipverjarnir sem unnu við þrifin voru komnir í 12 tíma hvíld en höfðu ekki sett hlífina á sinn stað;
- að þar sem engin þrif voru í gangi á vinnsluþilfarinu fór skipverinn til viðgerðastarfa en þurfti að fara aftur eftir þilfarinu til að ná í rafhlöðu þegar hann lenti á hlífinni;
- að skipverjinn vankaðist við höfðuðhöggið og mundi ekki eftir fallinu;
- að hann var með öryggishjálms og fékk því enga áverka á höfuðið;
- að slasaði var í sinni fyrstu ferð á skipinu;
- að festing (sin) fyrir hnéskel við lærvöðva á hægri fæti skipverjans slitnaði og liðþófi á vinstri fæti rifnaði.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að ekki voru settar upp varúðarmerkingar þegar hlífín var tekin niður vegna þrifa.